

# Pési



## Lesið þetta

- Spennandi tímar
- Tjaldsvæði
- Auglýsingar
- Aðalfundur
- Smárafréttir
- Afmæli

Næsti Pési kemur út 11. maí. Skil á efni er 9. maí.

## Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Björk	3
Íbúðir aldraðra	7
Ársreikningur	8
Félag eldri borgara	15
Kvenfélagið	19
Blakið	23

## Apríl 2007

Ritstjóri og ábyrgðarmaður  
Ísólfr Gylfi Pálmason  
Heimasíða: [www.fludir.is](http://www.fludir.is)

17. árgangur. 204. tölublað. [pesi@fludir.is](mailto:pesi@fludir.is). Sími.480 6600

Hrunamannahreppur  
Akurgerði 6  
845 Flúðir

## Listaverkið góða.

Eins og áður hefur komið fram í Pésanum var efnt til samkeppni tveggja listamanna um listaverk í tengslum við aldarminningu Sigurðar Ágústssonar og söngstarf í uppsveitum Árnassýslu. Teikningar af listaverkunum verða til sýnis á lokatónleikum Karlaðórs Hreppamanna sem haldnir verða í Félagsheimili Hrunamanna 28 apríl n.k. Í framhaldi af tónleikunum verða teikningar af listaverkunum til sýnis á Bókasafninu til 15. maí n.k. Tveimur listamönnum var falið að vinna að tillögum að verkinu, en þeir eru Brynhildur Þorgeirsdóttir frá Hrafnkelsstöðum og Helgi Gíslason. Báðar tillögunar eru afar athygliverðar og fallegar en tillaga Helga varð fyrir valinu.

**Skýrsla um jarðhitarannsóknir í Hrunamannahreppi**  
Í lok síðasta mánaðar var lögð fram skýrsla á Orkuþingi, sem haldið var á Akureyri um kortlagningu orkustöðva í Hrunamannahreppi. Skýrsluna lagði fram Haukur Jóhannesson, jarðfræðingur og f.v. forseti Ferðafélags Íslands. Tilgangur verkefnisins er annars vegar að safna á einn stað tiltækri þekkingu um jarðhitann og hins vegar að bæta við þeim rannsóknum sem nauðsynlegar kunna að þykja til þess að óvissu verði eytt, jafnframt því sem bent er á ný sóknarfæri í nýtingu á þessari mikilvægu auðlind. Hér er um afar merka skýrslu að ræða og mun Haukur kynna hana hér á Flúðum á almennum borgarafundi áður en langt um líður.

## Spennandi tímar framundan

Fyrir margra hluta sakir eru spennandi tímar framundan. Vorið er tími bjartsýni og sóknar og eykur okkur kjark og kraft. Sjaldan hefur meira verið byggt hér í hreppnum en um þessar mundir. Í framhaldi af mörgum nýbyggingum nútímafjósá eru fjölmörg íbúðarhús í byggingu eða eru í burðarliðnum. Þá er talsvert spurt um iðnaðarhúsaloðir og þegar hefur tveimur lóðum verið úthlutað í nýju iðnaðarhúsa-hverfi skammt frá flugvælinum. Í umræðunni er bygging reiðhalla en Hestamannafélagið Smári hefur fengið styrk til byggingarinnar. Styrkur þessi er skilyrtur við það að sveitafélögin þar sem hestamannafélögin starfa, taki þátt í uppbyggingunni. Á fundi hreppsnefndar Hrunamannahrepps 4. apríl s.l. var tillaga oddvita samþykkt samhljóða um að framlag Hrunamannahrepps verði skipulagskostnaður, lóð og tengigjöld að upphæð kr. 5. milljónir sem verði eignarhlutur hreppsins í fyrirhuguðu hlutafélagi um reiðhöll. Að auki kr. 2 milljónir í hlutafé. Reiðhöllin verður mikil lyftistöng fyrir hestaíþróttina hér í uppsveitum Árnessýslu. Þá eru uppi hugmyndir um að tengja hestaíþróttina námi í Flúðaskóla og er það auðvitað afar spennandi fyrir áhugasama nemendur. Fyrirhugað svæði undir reiðhöllina er við Lambatanga skammt frá Límtrésverksmiðjunni. Hugmyndir eru uppi um að breyta farvegi Litlu-Laxár þannig að undirlendið verði meira við reiðhöllina og einnig til þess að verja land en Litla-Laxá brýtur á ári hverju land skammt frá íbúðabyggð við Vesturbrún á Flúðum. Unnið er að þessum hugmyndum í gegnum skipulagsyfirvöld, Veiðimálastofnun og aðrar stofnanir sem málið varðar. Þetta svæði tengist einnig skemmtilegu útivistarsvæði í tengslum við ný tjaldsvæði. Aukinn áhugi virðist einnig vera á að gera Litlu-Laxá að alvöru veiðiá en ákvörðun um slíkt er í höndum landeigenda og veiðifélags. Vorið er uppskerutími skólafólksins okkar um leið og það er tími sáningar hjá bændum. Eftirvæntingin liggur í loftinu og síðan höfum við öll þá von að áform okkar takist og að uppskeran verði góð á hvaða sviði sem við vinnum.

Ísólfur Gylfi Pálmason,  
Sveitarstjóri.

## Fréttir frá skrifstofu Hrunamannahrepps

### **Björk hætti við stórtónleika á Flúðum á síðustu stundu.**

Mjög litlu munaði að útgáfutónleikar söngkonunnar frægu Bjarkar Guðmundsdóttur yrðu á Flúðum. Einar Örn Benediktsson, sveitarstjórinn og húsvörðurinn í félagsheimilinu voru í nær daglegu sambandi um tíma meðan verið var að undirbúa tónleikana. Því miður varð ekki úr að Björk héldi tónleikana á Flúðum, þrátt fyrir að allt væri gert til þess að úr þeim gæti orðið. Tónleikarnir voru síðan haldnir í Laugardalshöllinni. Hér hefði orðið um heimsviðburð að ræða því frægð Bjarkar er mikil víða um heim. Við gefumst aldrei upp og það kemur dagur eftir þennan dag. Óneitanlega urðu þeir félagar Ísólfur Gylfi sveitarstjóri og Guðmundur Karl húsvörður hálfspældir yfir þessu því þeir voru búnir að kaupa sé splunkuný dress frá Sævari Karli, sem þeir vita nú ekkert hvað þeir eiga að gera við e.t.v. geta þeir notað dressin í ónefndri göngu sem fram fer niður Laugavegin í haust.

### **Minningartónleikarnir um Sigurð Ágústsson**

Óhætt er að segja að tónleikarnir í tilefni aldarminningu Sigurðar Ágústssonar frá Birtingaholti hafi í alla staði tekist vel. Húsfylli var í Íþróttahúsinu á Flúðum og er talið að á sjötta hundrað manns hafi sótt tónleikana. Fjórir kórar sungu lög eftir Sigurð en þeir voru: Vörðukórinn, Kirkjukór Hrunaprestakalls, Karlakór Hreppamanna og Karlakórinn Fóstbræður. Einsöng söng Skagfirðingurinn Óskar Pétursson. Á sama hátt var falleg guðþjónustan í Hrepphólkirkju þar sem sóknarpresturinn okkar Sr. Eiríkur Jóhannsson, prédikaði. Afmælisamsætið sem fjölskyldan frá Birtingaholti hélt í Félagsheimilinu var einnig afar myndarleg og skemmtileg. Þar söng m.a. kór Flúðaskóla. Edit Molnar bar hita og þunga af tónleikahaldinu með dyggri aðstoð eiginmanns síns Miklosar Dalmay en hann lék á píanóíð af stakri snilld eins og honum er einum lagið m.a. tilbrigði um stef til minningar um tónlist Sigurðar Ágústssonar. Margrét Bóasdóttir, söngkona og tónlistarfrömuður var kynnr á minningartónleikunum og stóð hún sig með stakri þryði. Við getum verið stolt af því að í uppsveitum Árnessýslu sem telja um 2500 manns skuli vera hægt að halda menningarviðburð sem þennan.

## **Góða frammistaða nemenda Flúðaskóla**

Við getum aldeilis verið verið stolt af krökkunum okkar í Flúðaskóla. Að undanförunu hafa farið fram skemmtilegar keppnir meðal grunnskólanema á Suðurlandi. Í Stærðfræðikeppninni sigraði Gnúpverjinn, Guðmundur Stefánsson sem náði fullu húsi stiga og er það í fyrsta sinn sem það gerist í keppninni. Upplestrarkeppni grunnskólanna var haldinn í mars, þar fékk Jón Aron Lundberg verðlaun fyrir ljóðalestur. Það er ánægjulegt þegar jafn þroskandi viðfangsefni eru í gangi í skólunum, þátttakan skiptir öllu máli og síðan er það rúsínan í pylsuendanum þegar nemendur standa sig jafn vel og raun ber vitni. Þésinn óskar sigurvegurunum til hamingju með árangurinn sem og skólanum og starfsmönnum hans.

## **Málverkasýning í versluninni Strax**

Það er gaman að fylgjast með sýningum sem haldnar eru í anddyri verslunarinnar Strax á Flúðum. Núna stendur yfir málverkasýning Ingu Rúnar Björnsdóttur. Inga Rún er Borgnesingur og tengist Hrunamannahreppnum með þeim hætti að hún er eiginkona Björgvins Magnússonar Bónusverslunarstjóra frá Birtingaholti. Inga malar í olíu og striga og eru myndir hennar fallegar en sjón er sögu ríkari. Til hamingju með sýninguna.

## **Fyrsti framboðsfundurinn á Flúðum**

Próunarfélag Hrunamannahrepps stóð fyrir myndarlegum framboðsfundi í lok mars. Hann var í raun undanfari kosningabaráttunnar sem framundan er fyrir Alþingiskosningar sem verða þann 12. maí n.k. Fundurinn tókst í alla staði vel og er vert að þakka fulltrúum Próunarfélagsins fyrir þetta framtak og sérlega gott skipulag. Oddviti hreppsins Sigurður Ingi Jóhannsson stjórnaði fundinum af mikilli röggsemi og komust hinir reyndu pólitíkusar og reyndar hinir verðandi ekki upp með nokkurn moðreyk.

## **Iðnaðarsvæði**

Á síðasta fundi hreppsnefndar var samþykkt samhljóða að breyta nýju deiliskipulagi á iðnaðarsvæði til þess að koma til móts við umsóknir sem borist hafa um iðnaðarlóðir. Þetta verður til þess að framkvæmdir frestast líklega fram á haust. Á sama hátt frestast væntanlega framkvæmdir við lagnakerfis á svæðinu.

## **Hugur í Trogsmönnum**

Það er mikill hugur í Trogsmönnum sem vinna hörðum höndum við skipulagningu og undirbúning sumarsins en þeir munu væntanlega reka tjaldsvæðið á Flúðum á sumri komandi. Þeir hafa handsalað samning við Árna Hjaltason, sem rekið hefur tjaldsvæðið frá árinu 1999. Einnig er verið að ganga frá samningi við Hrunamannahrepp þar sem þeir munu byggja upp nýtt tjaldsvæði sem skipulagt hefur verið meðfram Litlu-Laxá. Sá samningur verður gerður til langs tíma og mun Hrunamannahreppur koma að uppbyggingu svæðisins ásamt Trogsmönnum. Ekki er ólíklegt að nýtt svæði verði tilbúið að einhverjum hluta eftir eitt til tvö ár. Eigendur Trogs ehf. eru fjölmargir verktakar í hreppnum og mun verkunnátta þeirra og vélar og tæki nýtast vel við uppbyggingu þessa nýja svæðis.

## **Gatnagerðagjöld – úthlutun lóða**

Ný lög um gatnagerðagjöld taka gildi 1. júlí n.k. Hreppsnefnd hefur að undanförunni verið að fjalla um drög að reglum um úthlutun lóða og nýjar reglur um álagningu gatnagerðagjalda. Líklegt er að ákveðin lágmörk og ákveðin hámarksverði þegar álagning gjaldanna fer fram. Einnig verða staðfestingargjöld lóða hækkuð.

## **Lagnakerfi í undirbúningi**

Í síðasta Pésa var talað um að hönnun lagnakerfa sem tengjast nýju íbúðarsvæði, nýju iðnaðarhúsasvæði, nýjum tjaldsvæðum og eldri hverfum á Flúðum yrði lokið fyrir 15 apríl. Því miður tókst þetta ekki enda minnkaði pressan á þessum framkvæmdum eilítið um tíma en stefnt er að ljúka hönnun þessara mannvirkja í næsta mánuði.

## **Enn frá Karlakórnum**

Karлакórinn hélt uppá 10 ára afmæli sitt með pompi og prakt 1. apríl s.l. Farið var yfir sögu kórsins í máli og myndum og var gaman að fylgjast með þróuninni og hve kórnum hefur vaxið fiskur um hrygg á þessu tíu ára tímabili. Einnig mátti glöggt merkja hve mannskapurinn hefur þroskast á þessu tímabili á fjölmarga vegu. Edit Molnar hefur þjálfað liðið allan þennan tíma og er óhætt að segja að kórinn hefur tekið miklum framförum. Miklos Dalmay flutti mjög skemmtilega ræðu í tilefni afmælisins og töldu menn hana svo góða að stutt yrði-yrðiþangað til Miklos gæti farið í framboð annaðhvort til hreppsnefndar eða til Alþingis. Framundan eru tónleikar á Hvolsvelli 17. apríl með Karлакór Rangæinga, Skemmtikvöld með Vörðukórnum, Skálholtskór ofl kórum í Aratungu 18. apríl og síðan verða lokatónleikar 28. apríl á Flúðum. Þar syngja einsöng með kórnum þeir Björgvin Magnússon og Hermundur Guðsteinsson. Forsala aðgöngumiða veður í Félagsheimili Hrunamanna frá kl. 14:00-16:00 laugardaginn 28. apríl.

Þann 22. apríl nk. mun kórinn síðan halda áfram upptökum á nýjum diskum í Hveragerðiskirkju.

## **Afmæli leikskólans og góðar gjafir.**

4. apríl s.l. var haldið uppá 25 ára afmælis Leikskólans Undralands. Samkoman var vel undirbúin og myndarleg eins og allt sem stjórnendur og starfsmenn leikskólans koma að. Leikskólanum bárust margar góðar gjafir. Þannig gaf Hrunamannahreppur mjög fullkomna stafræna myndatökuvél. Félag eldri borgara gaf þrífót undir vélinu. Þá bárust skólanum peningagjafir frá Kíwanisklúbbum Gullfoss, Kvenfélagi Hrunamannahrepps og nemendum og starfsfólki Flúðaskóla. Þá færðu nemendurnir, þau Egill Pétur og Þórey Þula skólanum gjafir og einnig færðu bræðurnir frá Kópavatni, þeir Magnús og Bjarni skólanum veglega bókagjöf. Okkar ágæti leikskólastjóri Guðbjörg Jóna Ólafsdóttir hefur ákveðið að láta af störfum sem leikskólastjóri. Hún hefur ásamt starfsfólki sínum unnið mjög gott starf í skólanum og er mikill söknuður af henni.

## **Minjasafnið í Gröf**

Eins og fram hefur komið hefur verið gerð mjög merkileg skýrsla um framtíð Minjasafns Emils Ásgeirssonar í Gröf. En Gísli Sverrir Árnason hefur unnið að skýrslugerðinni fyrir hönd áhugahóps um framtíð safnsins. Gísli Sverrir er ættaður frá Höfn í Hornafirði. Hann er menntaður á þessum sviðum, hefur verið einn af oddvitum í sveitarstjórn á Höfn, auk þess sem hann á stóran þátt í safnamálum þar og uppbyggingu menningarmiðstöðvar á Höfn. Í tillögunum er gert ráð fyrir því að safnið sé landbúnaðarhluti af Byggðasafni Árnesinga auk þess sem hvatt er til þess að héraðsnefnd og sveitarfélögin í upp-sveitum Árnessýslu komi að uppbyggingu og rekstri menningarmiðstöðvar sem tengist safninu. Vonandi verða þessar hugmyndir að veruleika í framtíðinni.

## **Vegaframkvæmdir – bygging íbúða fyrir aldraða**

Eðlilega er oft spurt um gang framkvæmda vegna fyrirhugaðrar íbúðabyggingar fyrir aldraða í landi Grafarbakka við Flúðir. Viljayfirlýsing er löngu gerð milli JÁVERKS og Hrunamannahrepps. Til þess að hægt verði að byggja á lóðinni verður vegalagning að vera frágengin en vegur að byggingunni er á nýrri samgönguáætlun sem samþykkt var á Alþingi skömmu fyrir þinglok. Vegagerðin mun sjá um vegalagningu og samninga við landeigendur en þar sem verkið er ekki á áætlun fyrir en árið 2010 mun sveitarsjóður Hrunamannamannahrepps sjá um að fjármagna framkvæmdir fyrir þann tíma. Það er einlæg von allra þeirra sem að málinu koma að það takist að semja um vegagerðina enda mun hún einnig hafa mikil áhrif á uppbyggingu á þessu svæði sem óneitanlega er afar vel staðsett í Flúðahverfinu.

## **Nautgripæræktarfélagið**

Nautgripæræktarfélag Hrunamannahrepps hefur ályktað og bent á að full ástæða er að minnast kostagripsins Huppu frá Kluftum sem er ættmóðir flestra kúa á Íslandi. Bent er á að Huppa gæti átt sinn bás í minjasafninu góða,. E.t.v. hefur Huppa haft árif á umræðuna um tilraunina um erfðavísa úr Norska kúastofninum sem margir bændur voru mjög mótfallnir en öðrum þótti alveg sjálfsagt að gera þá tilraun.

## **Ársreikningur 2006 lagður fram.**

Það er alltaf ákveðinn áfangi hér á skrifstofunni þegar ársreikningur hreppsins er lagður fram, en lokaafgreiðsla fór fram á síðasta hreppsnefndarfundi fyrir páska, miðvikudaginn 4. apríl. Sveitarsjóður er á ný rekinn réttum megin við strikið – þó svo að við vildum að útkoman væri enn betri. Rekstur sveitarfélaga er gjarnan borin saman í sérstöku riti sem nefndist Árbók Sambands íslenskra sveitarfélaga, en afar fá sveitarfélög að okkar stærðargráðu ná því að reksturinn sé réttum megið við strikið. Reikningarnir skiptast í svokallaða A og B hluta. Rekstur A hlutans er allveg ásættanlegur en hins vegar mætti ganga betur hvað varðar rekstur B hlutans. Rekstur hitaveitunnar okkar gengur nú betur en oft áður hins vegar er gríðarlegur kostnaður vegna reksturs vatnsveitunnar. Ekki má gleyma því að ráðist hefur verið í mjög kostnaðarsamar ráðstafanir, sem tekist hafa mjög vel og er mikil framtíðarhugsun í. Hins vegar vantar mjög uppá tekjuhliðina hvað vatnsveituna varðar. Ársreikningurinn verður settur inn á heimasíðu hreppsins fludir.is á næstu dögum.

## **Unglegur eftir aldri**

Árið 1947 er frægt í Íslandssögunni, sérstaklega er oft minnst á Heklugosið sem þá dundi yfir. Skömmu eftir að Hekla hóf að gjósa fæddist ungur maður í Hrunamannahreppi sem er dyggur og samviskusamur vertaki okkar hér í hreppnum. Þésinn óskar Tómasi Þóri Jónssyni til hamingju með afmælið. Stráksi er unglegur eftir aldri.

### **AÐALFUNDUR**

Aðalfundur Veiðifélags Litlu-Laxár verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna föstudaginn 20. apríl kl. 20:30

Venjuleg aðalfundarstörf.

Umræða um leigu á ánni og ræktun

Stjórnin



# FLÚÐALEIÐ ehf . og FLYTJ- ANDI

Ferðaáætlun í uppsveitir Árnassýslu

Brottför frá Reykjavík (VM Flytjanda, Klettagörðum  
15): alla virka daga

**kl: 13.00.**

Brottför frá Selfossi (Húsasmiðjunni, Byko og Flytj-  
anda): alla virka daga **kl: 14.00.**

Aukaferð farinn frá Reykjavík  
kl: 16.00 alla föstudaga.

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla áburðarsölu-  
aðila.

Allar nánari upplýsingar gefur Pálmar á Flúðum í  
síma: 892-2370

Aðrir símar:

Vöruafgreiðsla: 486-1070

Gregor: 892-2371

Halldór: 892-2372

Heimasími: 486-6685

Fax: 486-6693

Netfang: [fludaleid@simnet.is](mailto:fludaleid@simnet.is)

**Flúðaleið ehf. og Flytjandi**

## Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna

### Tryppa og ungfolasýning í Langholtskoti.

Laugardaginn 21. apríl kl. 14:00 verður haldin tryppa og ungfolasýning í Langholtskoti. Sýningarform verður með svipuðum hætti og í fyrra, þ.e.a.s dæmd verða veturgömum tryppi ( fædd 2006) og efstu tryppunum raðað í sæti.

Einnig stendur mönnum til boða að koma með stóðhesta og stóðhestsefni til kynningar.

Kynning verður á þeim hestum sem félagið býður upp á í sumar. Kaffi á könnunni.

Skráning í sínum 899-5639 (Einar Logi), 895-3070 (Þór) og 897-7623 (Helgi).

### Stóðhestar í sumar

Að vanda verða tveir stóðhestar á vegum félagsins í Hrunagirðingu.

Á fyrra gangmáli verður Geisli frá Sælukoti, tvöfaldur landsmóts-sigurvegari í A-flokki gæðinga. Geisli er undan Gusti frá Grund og Dröfnu frá Hólkoti.

Verð til félagsmanna er kr. 59.000,-

Á seinna gangmáli verður Tindur frá Varmalæk. Tindur er undan Smára frá Skagaströnd og Tinnu frá Varmalæk. Tindur hafnaði í 5. sæti í flokki 7 vetra stóðhesta og eldri á Landsmótinu á Vindheimamelum árið 2006. Hæsti dómur: aðaleinkunn 8,47. sköpulag 8,19 hæfileikar 8,65.

Verð til félagsmanna er kr. 48.000,-

Pantanir í sínum 899-5639 (Einar Logi), 895-3070 (Þór) og 897-7623 (Helgi).

VINSAMLEGAST STAÐFESTIÐ ELDRI PANTANIR SEM FYRST.

### Aðalfundur

Aðalfundur félagsins verður haldinn í Félagsheimilinu fimmtudaginn 03. maí nk. kl. 20:30.

Hefðbundin aðalfundarstörf. Helgi Kjartansson gefur ekki kost á sér til endurkjörs.

**HÓTEL FLÚÐIR**  
**ATVINNA**

Óskum eftir að ráða fólk í sumarvinnu á Hótel Flúðir.  
Einnig vantar starfsfólk, sem gæti byrjað strax.  
Upplýsingar eru gefnar á Hótelinu og í sínum  
486 6630 eða 892 7941  
Margrét og Guðmundur

**Áminning!!**

Þeir sem ekki hafa greitt blómvendina frá því á konudaginn  
eru vinsamlegast beðnir um að gera það sem fyrst.  
Reikningsnúmerið er. 0325-26-002590  
og kennitalan er 460100-2590.  
Með þökk. Bf Eyvindur

Í tilefni af 60 ára afmæli mínu **nk.sunnudag 15 apríl**  
verður opið hús fyrir vini og vandamenn  
**á Útlaganum** frá kl 10:00—14:00  
Tómas Þórir Jónsson

**BARNAGÆSLA.**


Okkur vantar barnapíu í sumar til að passa 2. ára strák  
Upplýsingar í síma 486 6728

**DEKK TIL SÖLU**

Fjögur Michelin sumardakk á felgum af  
Toyota Yaris stærð 175/65 R 14 til sölu.  
Upplýsingar í síma 896 8139 / 864 6639



# Rafverktaki



Hjörleifur Ólafsson  
Löggiltur rafvirkjameistari

Sími: 4806767



## Hár-Hrun

Verð í Félagsheimili Hrunamanna  
föstudagana 27. apríl, 11. maí  
og 25. maí.

Eða eftir nánara samkomulagi

Pantið tímanlega.

Tímappantanir í síma:

486-5535 og **899-9665**.

Inga Birna.

## Fimleikasýning

Þriðjudaginn 1. maí 2007 ætlar fimleikadeild UMFH að hafa fimleikasýningu. Í Íþróttahúsinu á Flúðum Á henni verður sýndur afrakstur vetrarstarfsins.

Sýningin byrjar kl 11:00 og eru allir velkomnir.



## **Aðalfundur og skýrsla.**

Aðalfundur Björgunarfélagsins Eyvindar var haldinn 26. mars 2007 Mætti hópur af fólki og voru líflegar umræður.

Stjórnin var endurkjörin en nýir varamenn voru kosnir.

Ný stjórn er því svona:

Borgþór Vignisson Form. Óskar Rafn Emilsson gjaldk.

Ágúst Helgi Sigurðsson ritari og varaformaður.

Elvar Logi Gunnarsson Varamaður. Steingrímur Jónsson varamaður.

Skýrsla stjórnar var lesin upp og er hún hér: Skoðunarmenn reikninga eru: Hannibal Kjartansson og Jóhann Marelsson

## **Skýrsla stjórnar. Feb 2006- Feb 2007**

Starfsemin var með hefðbundnum hætti. Farið var í útköll, hjálparbeiðni, æfingarferðir, og sinnt fjáröflun.

Alls voru 15 útköll og hjálparbeiðni á árinu. 9 á boðunarstiginu

Gulur, 3 á boðunarstiginu grænn og 3 á boðunarstiginu rauður.

Stærsta útkallið var í desember þegar Hvítá flæddi yfir bakka sína.

- Búið er að setja talstöðvar á sleðana. Með tengingu upp í hjálm ökumanna, hefur það reynst mjög vel.
- Farið var í æfingarferðir, m.a. á Langjökul.
- Farið var á Sleðamessu með báða sleðana.
- Helstu fjáraflanir á árinu voru flugeldasala og girðingarvinna, blómasala, gæsla, jólatrésala, o.fl. einnig sá félagið um traktors-torfæruna.
- Leikskólakrökkunum var boðið á leiksýningu í björgunarsveitarhúsinu í samvinnu við foreldrafélag leikskólans. Voru börnin keyrð á bílum félagsins á milli. Öll börnin fengu svo endurskinsmerki í kveðjugjöf. Leikritið sem horft var á heitir Númi og höfuðin sjö. Leikritið er forvarnarleikrit á vegum Landsbjargar
- 1. bekk voru færðir endurskinsborðar og 2,3 og 4. bekk voru færð endurskinsmerki.
- Stofnuð var unglíngadeild í samvinnu við björgunarsveitina Sigurgeir, og fékk hún nafnið Skúli.
- Haldnir voru nokkrir félagsfundir og margir stjórnarfundir. Margir styrktu okkur á liðnu ári og þökkum við þeim kærlega fyrir það.

Stjórn Bf. Eyvindar.

# Smárafréttir



Ágætu félagar

Ákveðið hefur verið að færa síðasta vetrarmótið til sunnudagsins 15 apríl kl 14.

Þar sem völlurinn á Kálfárbökkum er ekki í góðu ástandi verður mótið haldið í Torfdalnum. Tölmót verður haldið í Ölfushöllinni á föstudagskvöldið kl 20 með Loga og Trausta.

Fjáröflunarnefndin hefur ákveðið að halda firmakeppnina þann 5 maí sem er laugardagur. Íþróttamótið hefur ekki verið dagsett en það verður haldið og mun verða auglýst með fyrirvara.

Gæðingakeppnin verður í fyrrafalli þetta sumarið og verður hún haldin 9 júní og þurfum við að taka þann dag frá. Nánar auglýst síðar.

Vonandi verður hægt að skipuleggja námskeið fyrir fullorðna í apríl og maí en þau verða auglýst nánar þegar tímasetningar liggja fyrir, það getur jú verið gott að komast á námskeið fyrir gæðingakeppnina.

Stjórnin

Vonandi fer reiðkennsla að fara í gang og er verið að undirbúa það af fullum krafti. Kennarar verða Rosemarie í V Geldingarholti og Hermann á Efri Brúnavöllum. Stefnt er að því að teyma undir yngstu börnunum í Brautarholtsskóla og Flúðaskóla í maí og stefnum við á 16 maí ef það hentar.

Farið verður í Hestheima 2 og 3 júní og erum við að skoða þá hugmynd að hafa þá ferð aðeins öðruvísi en verið hefur. Nánar um það síðar. Svo að sjálfsögðu verða allir með á þeim mótum sem framundan eru síðasta punktamótið firmakeppni og fl. Uppi er hugmynd um að fara með eldri krakkana á Njáluslóðir í Fljótshlíð og riðið verður þar um í þrjá tíma undir leiðsögn Bjarna Sigurðssonar sem fræðir fólkið um Njálu. Svo verður að sjálfsögðu gamni mót í lok sumars og þá verða leikir, þrautakeppni og fl. Krakkar” kannski getum við látið einhverja kalla keppa og þið dæmið þá væri það ekki bara gaman?? Með bestu kveðju frá æskulýðsnefnd.

Kolla í Réttarholti.

# Frá Félagi eldri Hrunamanna.

Vorið er að koma og nú er margt að gerast.

**Vorfagnaður** eldri borgara í Árnesþingi  
29.apríl kl. 14-17 á Hótel Selfossi.  
Tilboðsverð á veitingum 1,250 kr.

**Vorferðin 1.maí.** Lagt af stað frá Félagsheimilinu kl.13.  
Leiðsögumaður Ólöf Kristófersdóttir.  
Farið verður austur í Rangárvallasýslu. Ekið upp Landssveit. Komið  
að Þingskálum, Skarði og Hellum. Endað í sveitakaffi í Hestheimum  
hjá Ástu Beggu og Gísla.  
Látið vita um þátttöku fyrir 26.apríl.

**Leikhúsferð 3.maí.** Farið frá Félagsheimili kl.18. Förum í Borgar-  
leikhúsið að sjá söngleikinn Ást.  
Látið vita um þátttöku fyrir 20.apríl.

**Skálholt 4.maí.** Samvera eldri borgara.  
Mæting í Skálholti kl.10:30

**Sumarferðin 4.-6.júní.**  
Gist verður í tvær nætur að Laugum í Sælingsdal.  
Fararstjóri verður Jóhannes Sigmundsson.  
Þátttaka tilkynnist fyrir 12.maí.

Bubba s: 486-6670  
Loftur s: 486-6715  
Anna s: 486-6614



# Hrunamannahreppur

Akurgerði 6 845 Flúðir sími 480-6600

[www.fludir.is](http://www.fludir.is)

## Leikskólastjóri óskast.

**Staða leikskólastjóra við leikskólann Undraland á Flúðum er laus til umsóknar. Um er að ræða 100% stöðu.**

Undarland er þriggja deilda leikskóli sem starfar í nýju og glæsilegu húsnæði, miðsvæðis á Flúðum. Í leikskólanum eru um 50 börn og þar er unnið metnaðarfullt og kraftmikið starf í anda uppeldisstefnu Reggio Emilia, fjölgreindarkenningu Gardners og kenningar Caroline Pratt um opin efnivið og uppgötvunarnám.

Mikið og gott samstarf er við grunnskólann á Flúðum.

Allar nánari upplýsingar um leikskólann er að finna á heimasíðu hans <http://www.undraland.is>, hjá leikskólastjóra Jónu Guðbjörgu Ólafsdóttur

í síma 480-6620 eða hjá formanni fræðslunefndar, Halldóru

Hjörleifsdóttur

í síma 892-1276.

Umsóknir óskast sendar til formanns fræðslunefndar, Halldóru Hjörleifsdóttur, á Skrifstofu Hrunamannahrepps Akurgerði 6, 845 Flúðir, fyrir 20. apríl 2007. Öllum umsóknum verður svarað.

Flúðir er vaxandi fjölmennningarlegt samfélag þar sem alla helstu þjónustu og fjölbreytta afþreyingarmöguleika er að finna. Mikil náttúrufegurð er í Hrunamannahreppi og gott og skemmtilegt mannlíf.





**Opnunartími Versl. Strax .**

Mánudaga til föstudaga	09:00-19:00
Laugardaga	10:00-19:00
Sunnudaga	10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax  
á Flúðum.

**Óskum eftir að ráða fólk til  
starfa í sumar.**

**Upplýsingar gefur Verslunar-  
stjóri á staðnum.**

Nú er rétti tími tíminn til að breyta um lífsstíl.

Eva Marín Hlynsdóttir

Sjálfstæður dreifingaraðili Herbalife. S: 892 6728

[WWW.eva.topdiet.is](http://WWW.eva.topdiet.is)

**Frá 9. bekk Flúðaskóla.**

Næstkomandi laugardag 14. apríl erum við að hefja fjáröflun vegna Danmerkurferðar í byrjun næsta skólaárs. Þá munum við ganga/keyra í hús og safna dósnum og flöskum.

Með fyrirfram þökk fyrir jákvæð viðbrögð.

**9. bekkur Flúðaskóla, foreldrar og forráðamenn**

VIOLA snyrtistofa á Flúðum  
Eftirfarandi meðferðir eru í boði:

*Andlitsbað*

*Húðhreinsun*

*Litun og plokkun*

*Handsnyrting*

*Fótsnyrting*

*Förðun*

*Vaxmeðferðir*

*Tímamantanir í síma 566-8342  
og 856-1599(Hlíf)*



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620 Netfang undraland@fludir.is

## Leikskólafréttir

Haldið var upp á 25 ára afmæli leikskólans þann 4.apríl og er ánægjulegt að segja frá því hvað margir sáu sér fært að koma og gleðjast með okkur þennan dag. Ég vil þakka öllum þeim sem komu að afmælinu og hjálpuðu okkur að gera þennan dag skemmtilegan. Leikskólanum barst mikið af góðum gjöfum og vil ég þakka fyrir þennan frábæra stuðning og velvilja.

Við þökkum kærlega fyrir okkur,

Börn og starfsfólks leikskólans.

***Skrifstofa Hrunamannahrepps***

***Opnunartími hreppsskrifstofu***

***Alla virka daga***

***Frá kl. 09:00-12:00 og 13:00-16:00.***

## Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps. Í kjölfar aðalfundar og skemmtifundar.

Aðalfundur félagsins var haldinn í mars og var mæting góð. Nýr ritari var kosinn María Magnúsdóttir en Margrét Óskarsdóttir gaf ekki kost á sér til endurkjörs. Eru henni þökkuð góð störf. Formaður félagsins er Anna Kr. Ásmundsdóttir og gjaldkeri er Arnfríður Jóhannsdóttir. Varastjórn var endurkjörin en hana skipa Helena Eiríksdóttir, Mildrid Steinberg og Ragnhildur Þórarinsdóttir. Á síðastliðnu ári gengu 3 konur í félagið, 3 konur gengu úr félaginu og 3 félagskonur létust. Öllum félagskonum eru þökkuð óeigingjörn og vel unnin störf í þágu félagsins og samfélagsins alls.

Félagið færði *Félagi eldri borgara* forlata kaffikönnu að gjöf og heimahjúkrun heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási voru færðar kr. 50.000.- . Leikskólinn Undraland fékk kr. 25.000.- að gjöf á 25 ára afmæli sínu nú rétt fyrir páska.

Skemmtifundurinn var haldinn 24. mars síðastliðinn. Um 100 manns sóttu frábæra samkomu sem skemmtifundanefndin hafði undirbúið. Félagskonum og maka/vini, var boðið upp á dýrindis máltíð og skemmtiatriði. Myndasýning af starfi félagsins í gegnum tíðina sló í gegn en sýninguna undirbjuggu Marta Hjaltadóttir og Elín Jóna Traustadóttir. Síðan stjórnaði Jón Bjarnason samkomunni af sinni alkunnu snilld og endaði með ljúfum og léttum dansi. Í skemmtifundanefnd störfuðu: Anna Magnúsdóttir, formaður, Margrét Böðvarsdóttir, Elín Gísladóttir, Marta Hjaltadóttir og Lilja Lindberg. Við þökkum öll fyrir frábæra samkomu.

Framundan í starfi félagsins er opið hús eldri borgara (fimmtudaginn 12. apríl), vorkundur verður nánar auglýstur síðar og sumardagskráin er þessa dagana í undirbúningi.

Kvenfélag Hrunamannahrepps er félagsskapur kvenna á öllum aldri sem lætur sig margt varða í þessu samfélagi og hefur það að leiðarljósi að láta gott af sér leiða. Ef þú ert ekki í félaginu bjóðum við þig hjartanlega velkomna í félagið, nú sem endranær og bjóðum þér þannig tækifæri til að taka þátt í uppbyggilegu og góðu félagsstarfi.

**Með kveðju.**

**Stjórn Kvenfélags Hrunamannahrepps.**

## Frá Bókasafni Hrunamanna

### Opnunartími:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Á bókasafninu er einnig tölva fyrir almenning sem tengd er Internetinu.

Gjaldskrá: 30 mínútur = Krónur 100,-.

### Sjáumst á bókasafninu!

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar  
í Laugarási **480 5300**  
**Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804**

Sundlaugin á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til miðvikudaga. 16:00-21:00

Fimmtudaga: 17:00-21:30

Laugardaga: 10:00-18:00

LOKAÐ á föstudögum og sunnudögum

**MUNIÐ!!**

**Frítt í sund í apríl í boði Hitaveitu Flúða**

Íþróttahúsið á Flúðum

Opnunartími:

Mánudaga til fimmtudaga

15:30-21:00

Föstudaga. 13:00-20:00

Laugardaga. LOKAÐ

# Bændur og búalið!

## Eru kýrnar slappar?

Eigum alltaf til á lager Propylenglykol við súrdoða.  
Einnig mikið úrval af milligerðum,  
át-og milligrindum.

Munið sáðvöruna,erum óhræddir við verðsamanburð.



Leitið ekki langt yfir skammt.



Sími:480-5600

[www.landstolpi.is](http://www.landstolpi.is)

Stækoma þar með  
**trukki**

*Landflutningar*  
**SAMSKIP**

**Brottför frá Flúðum**  
**Kl. 08:00 mánud. til föstudaga.**  
**Brottför frá Landflutningum Reykjavík**  
**Kl. 12:00 mánud. til föstudaga.**  
**Vöndull ehf Högnastíg 1.**  
**Jóhann Unnar Guðmundsson.**  
**Sími: 856-1580**



**KB BANKI**

**Hraðbankinn**  
er opinn allan sólarhringinn.

**Afgreiðslutími á Flúðum:**  
mánudaga til föstudaga: 11:15-16:00  
Viðtalstími bankastjóra á  
miðvikudögum 13:30-15:45

**Sími. 480-4700.**

Við í Blakdeild UMFH unnum um helgina úrslitakeppnina í blaki 2. deild. Við unnum lið Hugins frá austurlandi í undanúrslitum 3 – 0 í frekar léttum leik og komumst þar með í úrslitaleikinn gegn Þrótti Reykjavík. Úrslitaleikurinn var æsispennandi þar sem liðin skiptust á sigrum fyrstu 4 hrinurnar en þar sem Þróttur vann þá fyrstu að þá þótti okkur það viðeigandi að við myndum taka þá síðustu sem við og gerðum og unnum þar með leikinn 3 – 2. Þetta er í 1. skipti sem við náum þessum titli og vonandi ekki það síðasta, framundan er svo þátt-taka í Öldungamótinu sem haldið er að Ásgarði Garðabæ í lok apríl, þar spilum við í 1. deild sem af sumum er jafnvel talin sterkari en efsta deild í Íslandsmóti. Sendi þér nokkrar myndir af þeim hluti hópsins sem tók þátt í úrslitaleiknum,

kv Kristján Geir





AFMÆLI Í LEIKSKÓLANUM UNDRALANDI.....Ljósmynd. Halldór Gestsson



FRÍTT Í SUND Í APRÍL Í BOÐI HITAVEITU FLÚÐA. Ljósmynd.Sig. Sigmundss  
24